

# HEIMILISPÓSTURINN

Heimilisblað Grunda og Áss

---

41. Árgangur

janúar- apríl 2005

1. Tölublað

---



# Grund er samfélag

Undanfarna mánuði hefur talsvert verið fjallað um málefni aldraðra í fjölmiðlum. Það er fagnaðarefni að slík umræða fari fram. Umhugsun um efri árin er öllum mikilvæg. Við sem erum aðeins yngri höfum gott af að horfa fram á veginn og sigla inn í elliárin með öruggum huga. Mér finnst mikilvægt að fjallað sé um þetta tímabil mannsævinnar sem sjálfstætt og dýrmætt í sjálfu sér. Ef heilsan er sæmileg þá eru þessi ár mjög góð.

Stundum hefur að vísu borið á því að ekki er mikið hugsað áður en fólk setur hugleiðingar sínar á blað. Og stundum virðist tilgangurinn ekki sá að bæta neitt heldur fremur að valda óánægju og óþægindum. Gagnrýni er góð, þegar hún er réttlát. Þegar hún er rýni til gagns – og rýni í gegn. Við þurfum alltaf og sífellt að leita leiða til að bæta líðan og aðbúnað eldri borgara þjóðfélagsins. Það er ekki ölmusustarf heldur sjálfsagður þáttur í umgjörð mannlífsins í landinu.

Ég veit að margt má betur fara í þjónustu við aldraða og í aðbúnaði við þá. Það er engum betur kunnugt en þeim sem umgangast eldra fólkið og heimili þeirra, dvalarheimilin. Hér á Grund höfum við fylgst með því í vélagný og hamarshöggum undanfarið. Og næsti áfangi er hafinn í því að bæta aðstöðuna.

Starfsfólkið á Grund er í það heila tekið afar traust og gott fólk. Í gömlu húsi, sem hefur vissulega ýmsa annmarka, er þáttur starfsfólksins ennþá mikilvægari.

Ég hef fylgt sumum þeirra heimilismanna sem látist hafa undanfarin ár síðustu skrefin til grafar. Þegar ég hef verið að undirbúa kveðjustundina í kirkjunni með fjölskyldu hins látna er yfirleitt farið fögrum orðum um Grund og ég er beðinn að koma á framfæri þökkum til heimilismanna og starfsfólks. Alla jafna var sá sem kvaddur er

afar ánægður með viðurgjörning og atlæti. En ekki síst með viðmót og alúð starfsfólksins og annarra heimilismanna.

Tilgangur minn með fáeinum línunum hér er að koma þessum þökkum, velvilja og fyrirbænum til starfsfólks og forráðamanna Grundar. Ég veit að þessi góði hugur kemur iðulega í ljós, en ég vil árétta það hversu mikilvægt umönnunarhlutverkið er.

Tengsl sem skapast milli fólks á elliheimilum eru dýrmæt. Vinátta sem þar binst er falleg. Starfsfólk finnur vissulega að það er í gefandi hlutverki. Þessi störf, hver sem þau eru, líka þau sem lúta að matseld og ræstingum, snúast um fólk. Grund er fólk. Grund er samfélag fólks miklu frekar en húsakostur. Þegar góður andi ríkir, þegar góðsemi og velvilji er fólks á meðal, þá er annað allt í miklu betra lagi.

Ég óska ykkur gleðilegs sumars.

*Hjálmar Jónsson*



# Gleði páskanna – glaðværð trúarinnar

Það er gleði í páskunum. Gleði kirkjunnar og kristninnar.

Predikarinn segir: Öllu er afmörkuð stund og sérhver hlutur undir himninum hefur sinn tíma. Að gráta hefur sinn tíma og að hlæja hefur sinn tíma. Páskarnir eru hátíð gleðinnar, lífsgleðinnar. Lífið sigrar.

Mattheus guðspjallamaður segir: Verið ekki daprir í bragði eins og hræsnararnir. Það er góðlátleg ábending til okkar um það að depurðin er Guði alls ekki þóknanlegri en gleðin.

Fræðimaður einn hefur sagt að í trú strangtrúarmannsins sé áleitinn ótti um það að einhver kunni einhvers staðar að vera hamingjusamur.

Því er heldur ekki að neita, að svo virðist stundum meðal kristinna manna, að þeir telji að Guði sé miklu þóknanlegri sorgin en gleðin. Of margir telja öruggara að vera alvarlegur en glaður á samfundi í kirkju.

Þess vegna áréttá ég orðin í lexíu dagsins:

Drottinn, þú ert minn. Drottinn mun búa öllum þjóðum veislu með krásam og góðu víni. Fögnum og gleðjumst yfir hjálpræði Drottins.

Þessi orð eru vissulega í Biblíunni. Annars væri ég hræddur um að okkur þættu þau nokkuð veraldleg. En þetta er önnur hliðin.

Sú hlið, sú mynd Krists sem ég ólst upp við var hin alvarlega. Það var hinn upphafni og heilagi Kristur. Á unglingsárum sá ég bíómynd um ævi Jesú Krists og þar talaði hann titrandi, fjarlægri og upphafinni röddu. En þegar tímar hafa liðið finnst mér afar ólíklegt að Kristur hafi verið svona dapur og sorgmæddur í daglegu lífi. Þá hefðu börnin ekki komið til hans, hópast í kringum hann með glaðværð og óttaleysi, því að börn forðast niðurdregið fólk og verða óttaslegin.

Gamall gyðinglegur málsháttur afgreiðir málið á þennan hátt af Guðs hálfu: Á degi dómsins þarftu að svara til saka fyrir alla þá

ánægju, sem lífið bauð þér, en þú vildir ekki þiggja.

Glatt hjarta og kristin trú fara saman. Gleðin er sönnun á því öryggi, sem trúin veitir. Gleði og sorg geta lifað saman. Hlátur og hluttekning eru samþættanlegar stærðir. Andstæða gleði er ekki sorg, heldur vantrú. Að reyna gleði lífsins, er það að geta séð gegnum atburði nútímans, fram til þess þegar Guð hefur snúið réttthverfunni fram. Guð getur sýnt okkur hina hlið þess sem þyngir okkur niður í þessu lífi. Slæmir hlutir, erfiðleikar, eru aldrei síðasta orðið eða atburðurinn.

Gleði kristninnar merkir ekki það að tárin séu ekki hluti af lifuðu lífi, heldur það að gleði okkar staðfestir veruleika sem er dýpri en tárin.

Dauðinn er allt í kringum okkur. Við lifum í dag, - vera kann að dauðinn hafi fangað okkur á morgun. Stundum talar fólk í hálfkæringi um dauðann, segir skrytlu. En hvorki mikið né lengi. Enginn getur hlegið frá sér staðreynd dauðans.

Hraðbrautin til dauðans er sú fjölfarnasta sem þekkest.

Ef við gætum horft á alla sem eru að deyja sæjum við ekkert annað. Á jörðinni eru eitthvað á fimmta milljarð manna. Á annað hundrað milljónir manna deyja á ári.

Ekkert fær breytt þessu. Hjartaígræðslur, lækningarnar allar á öllum sviðum, breyta ekki þessari staðreynd.

Margt fer gegnum huga hvers manns á slíkum stundum. Misjafnlega vel bregst fólk líka við nálægð dauðans. Ég hugsaði oft um það áður: Hvernig kem ég til með að bregðast við dauðanum, - þegar ég frétti að hann gæti verið nærri mér? Og nú hef ég hugleitt þetta í þeim aðstæðum. Frá síðustu páskum hef ég fengið nýja og dýrmæta reynslu. Ég hef kynnst svo mörgu fólk sem er við línuna milli lífs og dauða. Hef kynnst af eigin raun þessari tilhugsun, því sem leitar á hugann ef vera skyldi að dauðinn yrði hlutskipti manns á morgun.

Mér finnst það gefa fyllri staðfestingu á því að ekki er lífað til einskis. En umfram allt því, að Guð er nálægur og alltaf nær en dauðinn.

Páskarnir eru hátíð gleðinnar.

Páskarnir segja okkur að lífið lifir og að vonin er alltaf til staðar. Við höfum ástæðu til að koma saman og gleðjast. Vandamál nútímans eiga ekki að gera okkur niðurdregin. Vandamál á Íslandi eru bara tilbúningur. Okkur skortir eiginlega ekki neitt. Ekkert annað en sálarfrið. Og hann fæst best með því að iðka kristna trú sína til nokkurrar hlítar.

Við höfum svo margt að lifa fyrir. Við getum lifað lífi hins upprisna frelsara okkar. Tekið þátt í gleði guðsríkisins.

Hinn guðlegi kraftur, sem í fyrstu tók Krist út úr gröfinni, er ennþá til staðar. Ekki einungis við lok æviferðar mannsins, heldur tiltækur nú þegar. Hann hjálpar okkur með lífið - ekki aðeins dauðann. Upprisumátturinn vill gefa okkur styrk til að lifa lífinu, - með merkingu og fögnuði.


Guði séu þakkir sem gefur oss sigurinn fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum.

*Hjálmar Jónsson*



# Hjarðir sauða og herskarar kvenna

*Um vaðmálssegl á víkingaskipum*  
*Örnólfur Thorlacius*



Frá því um miðja 19. öld hafa fornleifafræðingar á Norðurlöndum rannsakað leifar víkingaskipa, sótt sum í grafhauga, en lyft öðrum upp af fjarðarbotnum. Sum hafa þessi skip verið endurgerð af mikilli nákvæmni. En eitt vantaði jafnan á hinar fornu fyrirmyndir – seglin – enda geymist gamall dúkur sjaldan eins og forn viður. Til skamms tíma sigldu öll nýju víkingaskipin því undir seglum úr nútímalegum segldúk.

Tveir fræðimenn, Jon Godal við Norska iðnskjalasafnið og Eric Andersen, forstöðumaður Danska víkingaskipasafnsins í Hróarskeldu, hugðust ráða bót á þessu og leituðu gagna um segl í fornum skjölum.

## Segl geymd í kirkjum

Í Gulapingslögum, frá því um 1000, eru ákvæði um landvarnir, en á víkingaöld átti sérhvert samfélag á hinni löngu strandlengju Noregs að gera út herskip – „leidangskip“ – til landvarna. Þar er svo fyrir mælt, að segl þessa opinbera strandgæsluskips skuli geymt í kirkju, og er gæslumaður ábyrgur fyrir öryggi seglsins, sem honum ber að koma undan ef kviknar í kirkjunni.

Þessi lagaákvæði urðu kveikjan að því að þeir Godal og Andersen fóru að leita að seglum í gömlum kirkjum, og árið 1990 rákust þeir í 12. aldar steinkirkju á Þrændanesi á 650 ára klæðisbút, sem troðið hafði verið á milli þils og þekju, og mátti af kósa í einu horninu ráða að þetta var hluti af segli. Seglbúturinn reyndist úr ofinni ull, vaðmáli.

Amy Lightfoot, forstöðumaður Tømmervik-textílstofnunarinnar

Í Hitra í Noregi, hefur frá því fyrir 1990 unnið að rannsóknum og skráningu á fornum handíðum í strandhéruðum Noregs og á Hjaltlandi og í Færeyjum á vegum Norska iðnskjalasafnsins. Hún kunnir því góð skil á því hvernig þessar strandþjóðir ófu þykk klæði, vaðmál, úr grófri ull í fatnað. Henni kom ekki á óvart að vaðmál hafði verið í seglum víkingaskipanna, enda vissi hún að skip höfðu siglt með ströndum Noregs undir vaðmálssegjum nokkuð fram á 19. öld.

Árið 1991 réðust starfsmenn Strandsafnsins í Hitra í það að smíða eftirmynd seglskips sem verið hafði þar í strandferðum á 14. öld. Skyldi á skipinu vera segl úr vaðmáli, sömu gerðar og fannst á kirkjuloftinu. Og Amy Lightfoot var falið að vinna verkið, enda manna best trúandi til þess.

Hún rak sig fljótlega á það að nokkuð skorti á þekkinguna. Ekkert vaðmálssegl hafði verið ofið eftir miðja 19. öld, og vitneskjan um vinnulagið var glötuð.

## **Forn þekking sótt á kirkjuloft**

Smásjargreining á bútnum af kirkjuloftinu leiddi í ljós að seglið var ofið úr togi, þéttu ytra byrðinu á ull, og þessi ull var af fé af sama kyni og íslenskt nútímafé. Það gekk forðum sjálfala allt árið í strandhéruðum Noregs, en af því þekkjast nú utan Íslands aðeins nokkrar hjarðir, einkum nyrst í Skandinavíu.

(Hrafna-Flóki hefur trúlega verið vanur útigangi fjár, og verður að virða honum til vorkunnar að hann lét vera að heyja til vetrar á Íslandi.)

En það er ekki nóg að kunna skil á efninu. Það þarf líka að vita hvernig það er unnið. Jafnvel hið einfaldasta segl þarf að standast ýmsar kröfur.

Klæðið verður að vera nógu sterkt til að þola álag vinda og tog frá reiða, en ekki svo þungt að það dragi úr ferð skipsins eða sé erfitt í meðförum. Seglið þarf að svigna undan vindinum án þess að leggjast í óreglulega poka. Of flatt segl nýtir ekki vindinn en ef það

er of sveigt lætur skipið ekki að stjórn. Réttur styrkur og áferð fæst með því að velja saman missterkar trefjar í garnið og spinna það síðan og vefa mátulega þétt. Og greining á seglbútnum af kirkjuloftinu veitti upplýsingar um þetta.

Hófst nú leit að sauðum til að rýja. Sjálf átti Amy Lightfoot 25 sauði af hinu forna norræna fjallakyni, sem Norðmenn kalla villsau. Auk þess var notuð ull af skyldum kindum, spelsau, sem líka eru aldar í Noregi.

## **Tímafrek tóvinna**

Féð var rúið með gömlum aðferðum og síðan þurfti að greina tog frá þeli í höndunum, svo ullarfitan, lanólínið, færi ekki forgörðum. Það tók Amy Lightfoot og þrjár samstarfskonur hennar hálf tía að tína tog frá þeli, og svo fór hálf þriðja ár í að spinna úr ullinni 165 þúsund metra langan þráð og vefa úr honum seglið. Allt var þetta gert með fornum, hefðbundnum aðferðum.

Í 85 fermetra seglið á þessu 14. aldar strandferðaskipi fór árssprettan af 2000 sauðum, samtals 2000 kíló. Skipið, sem heitir Sara Kjerstine, var sjósett árið 1995.

Svo tók við 50 fermetra segl á víkingaskip sem danskir áhugamenn voru að endurgera, og árið 1997 réðst Amy Lightfoot í þjónustu Danska víkingaskipasafnsins í Hróarskeldu og tók að sér að vinna vaðmálssegl á víkingaskip, Óttar, sem þar var í smíðum og var eftirmynd af norsku kaupskipi eða knerri.

Þótt þetta segl væri að einhverju leyti unnið með nýtískulegri aðferðum en hin fyrri var það þrjú ár í vinnslu. Það er 90 fermetrar að flatarmáli og í það fóru 188 kílómetrar af garni, sem samsvarar lengd vegarins frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal.

## **Konurnar bak við úthafssiglingarnar**

Meðan Amy sat löngum stundum við tóvinnuna leiddi hún oft

hugann að allri þeirri vinnu og efni, sem var forsenda úthafssiglinga víkinganna. Úr því svona mikil vinna er að baki einu víkingasegli, virðist nær ofurmannlegt átak hafa verið að gera út heilan flota. Heimildir eru um að Knútur II. Danakonungur hafi ráðið liðlega 1700 skipum þegar hann bjóst til að hrekja Vilhjálm I. af konungsstóli á Englandi árið 1085. Það hefur kallað á fjölda af konum með snældur og vefstóla – og með ótakmarkað vinnuþol. „Án seglagerðar kvennanna í landi hefðu víkingar hvorki komist lönd né strönd,“ segir Amy Lightfoot.

### ... og kindurnar

Víkingar þurftu líka stórar sauðahjarðir. Sem fyrr segir gekk féð í norsku strandhéruðunum sjálfala allt árið. Útigangan dró úr umstangi bænda og tryggði að togið var ríkt af ullarfitu, sem hrinti vatni af seglunum. Féð þurfti að fá næga beit á sumrin til að þola þrengingar vetrarins, svo bændur sviðu lyng og kjarr til að auka beitarþol graslendisins og komu um leið í veg fyrir að furuskógur breiddist út um landið.



Af geislakolagreiningu er ljóst að bændur í strandhéruðum Noregs voru farnir að sviða beutiland og ala fé um 1400 f.Kr.

Hin fornu segl voru ýmsum kostum búin. Ullarfitan varð til þess að þau hrintu vel frá sér vatni, og þau tóku vel á sig vind. Komið hefur í ljós að víkingaskipi má sigla um 10 af hundraði hraðar á móti vindi undir segli úr vaðmáli en nútímasegldúk, og því verður beitt meir upp í vind en nokkurn hafði grunað.

Samt eru ekki öll nýju víkingaskipin búin vaðmálssegjum. Haustið 2004 sigldi til dæmis eftirgert víkingaskip, „Skuldelev 2“, þöndu tausegli frá víkingaskipasafninu í Hróarskeldu í jómfrúrferð til Írlands.

„Vaðmálsseglið er of dýrt,“ segir safnstjórinn, Eric Andersen. „Safnið ræður hvorki yfir hjörðum norskra fjallasauða né herskara

kvenna til að spinna ull og vefa úr henni.“

*Þessi grein bíður birtingar í ritinu Hugur og hönd. Svipuð grein um sama efni (og eftir sama höfund) birtist í Heima er best, júlí/ágúst 2004.*

## Hjálpsemi

*Danski guðfræðingurinn og heimspekingurinn Sören Kierkegaard sagði um hjálp og stuðning:*

“Til að geta hjálpað öðrum þá verð ég að skilja meira en hann, en þó fyrst og fremst að skilja það sem hann skilur. Ef mér mistekst það þá hrekkur allur minn skilningur ekki til að hjálpa honum. Öll sönn hjálp hefst með auðmýkt: sá sem hjálpar verður fyrst að auðmýkja sig gagnvart þeim sem hann vill hjálpa og þar með að skilja að það að hjálpa er ekki það sama og að drottna, heldur að þjóna, það að hjálpa er ekki að hafa völd og stjórn, heldur þolinmæði. Það að hjálpa er vilji og fúsleiki til þess að viðurkenna það að maður getur haft rangt fyrir sér og viðurkenning á því að maður skilur ekki alltaf það sem hinn skilur.”

## Smælki

Í úrhellisrigningu mættust þeir Kristján frá Djúpalæk og Rósberg G. Snædal, á götu. Kristján segir:

*Af hverju er öll þessi rigning sprottin,  
er að koma syndaflóð á ný?*

Rósberg svarar:

*Skyldi þá ekki almáttugur drottinn  
ætla mér að leika Nóa í því?*

# Iðrunarsálmur

Hákon Aðalsteinsson skáld og skógarbóndi að Húsum í Fljótsdal fékk bréf frá Skattstofu Austurlands. Hann hafði vantalið laun fram til skatts og fékk áminningarbréf. Hann svaraði bréfinu með eftirfarandi “Iðrunarsálmí”.

Nú hefur skaðast mikið mitt  
mannorð á þessum vikum.  
Framtalið er víst ekki kvitt,  
uppvís ég telst að svikum.  
Þar ég mistökin gerði gróf  
glatað er drengskaparheitið.  
Fór svo á bak við Friðrik Sóf  
og Fjármálaráðuneytið.



Nú á ég von á vandræðum  
og veit að ég er ekki sloppinn.  
Finn ég nú hrollinn hríslast um  
hrelldan syndarakroppinn.  
Þó vil ég telja málsbót mér  
sem mun ykkur kannski friða  
að greiðandinn ber þar sök hjá sér  
hann sendi ekki launamiða.

Upphæðin var nú ekki stór,  
olli vart launaskriði.  
Ég man það svo vel að mikið fór  
í margskonar útgjaldaliði.  
Stundum í akstur eyddi ég  
allmiklum bensínforða,  
þrælaðist áfram þungan veg,  
svo þurfti ég líka að borða.

Afbrot mitt tel ég ekki ná  
til óprúttar gróðafíknar.  
Niðurlútur með blauta brá  
bið ég mér aumur líknar.  
Fell ég svo mína ásýnd á  
auðmjúkur skal ég vera.  
Einlæga skaltu iðrun sjá  
yfirbót mun ég gera.

*Hákon Aðalsteinsson*

## Smælki



Læknir nokkur í ónefndum bæ á Norðurlandi var að undirbúa jól með fjölskyldu sinni á aðfangadag fyrir nokkrum árum síðan. Allt gengur sinn vanagang þar til eldhúsvaskurinn stíflast í miðri eldamennsku. Kona hans segir honum að engin steik geti orðið nema gert sé við vaskinn. Læknir þessi var ekki handlaginn mjög og hringir því í pípulagningamann bæjarins og biður hann að koma og gera við vaskinn. Píparinn bregst ókvæða við og spyr hvers konar ósvífni það sé að fara fram á að hann stökkvi til á aðfangadag, nýbaðaður og strokinn til að lagfæra eina litla handlaug. Læknir minnir hann á að hans stétt sé sjaldan spurð um aðstæður, það sé búist við að læknar rjúki til í húsvitjanir þótt aðeins um kvef sé að ræða, sama hvernig á standi. Það verður úr að píparinn gefur eftir og kemur hálf tíma síðar í vinnugallanum og bankar hjá lækni. Hann fer til dyra, hleypir píparanum inn og bendir honum á vaskinn. Píparinn vindur sér beint að vaskinum, fer ofan í vasann á vinnugallanum, dregur upp tvær magnyl-töflur, hendir ofan í vaskinn og segir við lækinn: „Hafðu svo samband ef þetta hefur ekki lagast eftir viku“.

# “Heyr himna smiður..”

Fyrir nokkrum áratugum sagði einn af þekktustu rithöfundum okkar við mig: “Þegar ég er sestur inn í kirkju þá fletti ég alltaf upp á sálmi númer 308. Þá er ég viss um að ég er ekki kominn erindisleysu í kirkjuna – hvernig sem hún gengur fram að öðru leyti.”

Annar góður maður og heimilismaður hér á Grund, Örnólfur Thorlacius benti mér á sérstöðu þessa sálms. Hann er elsti sálmur í sálmabókum kirknanna á Norðurlöndum saminn á norræna tungu og hann er ennþá fluttur eins og hann var saminn. Það er líka sérstakt meðal þjóðanna hvað hin lifandi tunga, íslenskan, hefur lítið breyst í aldanna rás. Flesta gamla sálma annarra þjóða hefur þurft að yrkja að nýju svo að þeir skildust. Fleira gerir sálminn einstæðan. Hann er elsti sálmur kristinnar sem vitað er hvenær var saminn. Það var 8. september 1208.

Hann er skráður í heimsmetabók Guinness sem slíkur, en ásamt Örnólfi Thorlacius var það Árni Böðvarson sem gekkst í það að fá sálminn skráðan sem heimsmet.

Saga og tilurð sálmsins er líka merkileg, þar sem hann tengist mesta áttatímabili Íslandssögunnar. Víkjum að þeirri sögu, sem rituð er í íslensku fornsögunum.

Kolbeinn Tumason kom ásamt um 300 manns heim að Hólum daginn fyrir Maríumessu á hausti, en hún er haldin hátíðleg sem fæðingarhátíð Maríu guðsmóður, hinn 8. september. Markmiðið var að þröngva biskupnum Guðmundi góða Arasyni til að aflétta banni af Kolbeini Tumasyni. Þeir voru töluvert venslaðir þar sem Gyðríður kona Kolbeins og Guðmundur góði voru bræðrabörn (feður þeirra voru Ari og Þorvarður Þorgeirssynir).

Víðinessbardagi var vissulega ekki merkilegur bardagi miðað við vígfimi, vopnaglam og mannfall. Menn biskupsins voru vopnlausir – og menn Kolbeins beittu ekki vopnum sínum í eiginlegum skilningi. Hann var ekki eiginlegur bardagi heldur ýmist kallaður aðför eða

umsátur. Víðines er rétt norðan Hólastaðar og þar var fyrirsátin gerð. Henni lauk þannig að Kolbeinn fékk stein í höfuðið. Hann féll við, missti málið í fyrstunni, en eftir að honum hafði verið hagrætt og aðeins leið frá mátti hann mæla.

Skáldskapargáfan hafði verið honum til framdráttar í lífinu. Og það var eðlilegt að beita henni nú með þessum hætti þegar önnur vopn og verkfæri dugðu ekki. Vafalítið hefur hann haft sálminn yfir aftur og aftur á hinum örlagaríka degi þar sem hann liggur sár. Nærstaddir menn gátu lært af honum sálminn.

Höfundurinn, skáldið, er allt í senn höfðingi, skáld og trúmaður. Vald hans sem höfðingja var óskorað, hann var eitt besta skáld síns tíma og sálmurinn er einlægt bænarákall, sem vitnar um trúardýpt og trúaralvöru.

Sem valdamaður á Sturlungaöld var Kolbeinn Tumason harður í horn að taka. Hann fór að leikreglum samtíma síns, hann var ráðríkur og tryggði völd sín og áhrif með meðulum samtímans. Sálmurinn er hins vegar allur á mildu hliðina. Höfðinginn, sem lét kenna á valdi sínu, er nú þræll drottins, skaparans. Frammi fyrir honum er hann valdalaus og síst duga gagnvart honum sömu aðferðir og í viðskiptum við veröldina til þess að ná fram markmiðum sínum. Hann játar sig vanmegna og ófæran um að sigrast á aðstæðum sínum. Hann biður Guð að taka frá sér sorg, angur og áhyggju. Í síðasta versinu ávarpar hann Jesú Krist og biður hann að bæta það sem áfátt er hjarta hans. Öll hjálp er í hendi Drottins.

Kolbeinn biður af hjartans einlægni og í sálarneyð. Og aðstæðurnar voru virkilega erfiðar. Hann var í banni kirkjunnar og útskúfaður og skyldi vera það bæði tímanlega og eilíflega. Það bann var á þessum tíma býsna raunverulegt. Í sálminum biður Kolbeinn þess að Guð hnekki dómi biskupsins og kirkjunnar. Fyrir andlátíð hlaut Kolbeinn bænheyrslu. Hún var ekki endilega öll á þann veg sem hann persónulega helst hefði viljað. Þar sem hann lá í dauðvona að Víðinesi sættist hann við biskup og var leystur úr banni.

Ekki eru til heimildir um að sálmurinn hafi verið notaður í helgihaldi

kirkjunnar um aldirnar síðan hann var saminn þar til fyrir miðja síðustu öld. Var hann þó jafnan þekktur.

Hann var tekinn upp í norsku sálmaþókina 1920, þýddur af Bernt Stöylen á nýnorsku.

Sálmurinn var tekinn inn í Sálmabók Þjóðkirkjunnar 1945. Hann var áfram í bókinni 1972. Hann hefur nú hlotið miklar vinsældir og vonandi verður þessi perla skært skínandi um langa framtíð.

Í sálmaþókinni 1945 var hann hafður við lag eftir Sigvalda Kaldalóns, ágætt lag sem samið var við fyrsta versió en hentar ekki vel við hin tvö þar sem atkvæðin eru ekki jafn mörg. Þetta lag var til dæmis sungið á Hólahátíð laust fyrir 1950. Kirkjukór Sauðárkróks söng undir stjórn Eypórs Stefánssonar tónskálds og organista. Vafamál er að sálmurinn hafi heyrst á Hólum í millitíðinni, frá því Kolbeinn Tumason frumflutti hann þar sjálfur á öndverðri 13. öld. Þetta lag var nokkuð sungið í Dómkirkjunni á 7. áratugnum á meðan Páll Ísólfsson var við orgelið.

Í Skagafirði er sungið lag eftir Jón Björnsson tónskáld frá Hafsteinsstöðum. Það er prýðilegt og sönghæft lag.

Árið 1973 samdi Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld lag við sálminn. Það hefur náð mikilli hylli og fellur mjög vel að sálmtexanum. Gerir það allt í senn að ná öldnum og seiðandi áhrifum auk þess að draga skýrt fram trúaralvöru sálmsins.

Þáverandi söngmálastjóri kirkjunnar, dr. Róbert A. Ottósson, varð svo hrifinn af laginu að hann sendi það óðara til fjölmargra organista með þeim orðum að þetta lag yrði að hljóma hvarvetna um landsins byggðir.

Það hefur gerst. Sálmurinn er mikið sunginn og ber höfundi sínum gott vitni og íslenskum sálmaarfi. Hann vitnar þó helst og fremst um lífandi trú.

*Hjálmar Jónsson*

# Heyr himna smiður

Heyr, himna smiður,  
hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín  
miskunnin þín.  
Því heit eg á þig,  
þú hefur skaptan mig,  
ég er þrællinn þinn,  
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,  
að græðir mig,  
minnst, mildingur, mín,  
mest þurfum þín.  
Ryð þú, röðla gramur,  
ríklyndur og framur,  
hölds hverri sorg  
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helzt hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meyjjar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason*

# Myndir frá Ási

**Þrettándaþagnaður** var haldinn í Ási 6. janúar.

Dansað var kringum jólatré við harmonikkuundirleik Karls Jónatanssonar. Heitt súkkulaði og tertur til að gæða sér á, og jólasveinar komu í heimsókn.



**Þorrafagnaður** í Ási á bóndadaginn 21.janúar. Í hádegi var boðið upp á þorrahlaðborð bæði fyrir heimilismenn og starfsfólk.



**Firmakeppni** knattspyrnudeildar Hamars var haldin í íþróttahúsinu í Hveragerði 5. febrúar sl. Kvinnalið fór frá Ási og stóð það sig með miklum sóma. All kepptu 5 lið og lenti liðið okkar í 2.sæti og voru þær að vonum í sigurvímu að lokinni keppni eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

## Svarbréf Skattstofu Austurlands við “Iðrunarsálmí”

Iðrunarbréfið sem áður þú sendir  
ég ætla að fjalla um hér.  
Óhapp sem þetta ýmsa nú hendir  
sem ætla sig hærra setta þér.  
Þar er nú stundum um ráðherra að ræða  
sem rata á syndanna veg,  
en virðast þó komast til himinsins hæða  
slík heppni er alvanaleg.

Þú veist nú að Frikki með fjármálagatið  
hann fær ekki af skatttekjum nóg.  
Því alls staðar sér maður prettið og platið  
af þrökkurum eigum við skóg.  
Við stöndum því hér í að stoppa í opið  
þótt stundum ei gangi nú hót,  
því kálið er alls ekki úr ausunni sopið  
með arfa og djöflarót.

Mér finnst þú ættir að bæta um betur  
og bíta í skjaldarrönd.  
Kostnað að tíunda kannski þú getur  
með kontant nótu í hönd.  
Þá má þitt brot með skilningi skoða  
eins og skattstofu fólki er tamt,  
en viðurlög munum við brotinu boða  
barasta dálítinn skammt.

Ég vona nú bara þú herðir upp huga  
og hristir tárin af kinn.  
Því nú verða dælingar Jökuls að duga  
og dusta til pennann sinn.  
Guð mun þig leiða og létta þér sporið  
og ljúflega bæta þinn hag  
ef ferðu svo líka með faðirvorið  
fjórum sinnum á dag.



# Ljóð



Tryggvi V. Líndal, þjóðfélagsfræðingur hefur starfað á Grund á fjórða ár, við umönnun. Tryggvi er jafnframt rithöfundur og hefur gefið út allmargar bækur með ljóðum og lausu máli.

Nýjasta bók hans kom út árið 2004 og ber hún nafnið “Evrópuljóð og sögur”. Tryggvi hefur góðfúslega leyft Heimilispóstinum að birta ljóð úr bókinni.

## Í leit að glötuðum tíma

Er nú kominn tími til að fara að opna  
öll óopnuðu bréfin?  
“Þessi maður opnar ekki bréf”  
sagði einhver fyrir langalöngu.  
Og víst hafa þau hrúgast upp:  
Lokabréfin í ástarsennum;  
með sínum fyrirsjáanlegu fáfengilegheitum.  
Eða hugverk vinkvenna  
sem voru bara aukahlutir þá.  
Og undirmálgreinar velmeinandi prófessora  
við innblásnum byrjendaritgerðum.  
Allt þetta fólk er löngu farið.  
En bréfin eru geymd en ekki gleymd,  
og taka við að ýfa Ullurseyru.  
En þó hef ég nú gaumgæft bréfin mömmu;  
þau reyndust líkt og velflest árin vera  
glötuð leit að stóru í því smáa.

# Bæn hins gamla

*Eftirfarandi bæn er frá Noregi. Séra Ingólfur Guðmundsson þýddi bænina á íslensku. Gamall maður fór að velta fyrir sér breytingunni frá því hann var lítill drengur og bað kvöldbænirnar á kvöldin. Hann tók saman þessa bæn bæði í alvöru og með glettni:*

Drottinn, þú veist betur en ég að ég er að verða gamall. Forða mér frá þeim leiða vana að verða að tjá mig um hvert einasta umræðuefni - við hvert tilefni sem gefst.

Veit mér að standa gegn tilhneigingunni til að ráðskast með mál annarra.

Gjör mig vakandi, en ekki kvartandi, hjálpsaman en ekki ráðríkan. Þar sem ég hef öðlast mjög mikla visku með aldrinum - er það eiginlega skaði að ég fæ ekki að miðla henni fyllilega.

En þú veist, Drottinn, að ég vil halda friðinn við vini mína til æviloka.

Hjálpa mér að stilla mig um að segja í smáatriðum frá öllu.

Gef mér að koma fljótt að aðalatriðunum.

Innsigla varir mínar þegar kemur að því að tala um eigin þjáningar og veikindi.

Þetta eykst með aldrinum - og ánægjan af að segja frá þessu vex með árunum.

Ég áráði ekki að biðja um náðargáfu til að njóta frásagna annarra af sínum veikindum, en hjálpa mér að sýna þolinmæði og hlusta.

Ég þori ekki að biðja um betra minni, en aukna auðmýkt þegar minni mitt virðist í ósamræmi við minni annarra.

Kenn mér þá miklu visku að mér getur stundum skjátlast.

Varðveit mig nokkurnveginn elskulegan.

Ég ætla ekki að verða neinn dýrðlingur - þeir geta sumir verið svo erfiðir í samskiptum - en geðvont gamalmenni er eitt af meistaraverkum óvinnarins. Gef mér að sjá gleðiefni á óvæntum stöðum og gott í fari fólks sem ég vænti slíks ekki hjá.

Og gef mér, Drottinn, náðargáfu til að segja þeim það.

(þýtt úr TR 55. árg. nr. 2, júní 2003)

---

## Í mótlæti

*Ég aldrei hef lofað að brautin sé bein,  
né blómstígar gullskryddir alla leið heim.  
Ég get ekki lofað þér gleði án sorgar,  
á göngu til himinsins helgu borgar.  
En eg hefi lofað þér aðstoð og styrk,  
og alltaf þér birtu þó leiðin sér myrk.  
Mitt ljúfasta barn ég lofað þér hef,  
að leiða þig sjálfur hvert einasta skref.*

*Hjálmar Jónsson*

---

## Smælki

Í afskekktu byggðarlagi henti það fátæk hjón að eignast 5 börn á einu ári, sem sagt tvíbura og þrúbura. Þar sem þau höfðu ærna ómegð fyrir, mun hafa þrengst um vistir í kotinu við þessa öru fjölgun, og varð bóndi því að snúa sér til sveitarstjórnarinnar. Hittir hann fyrst hreppstjórann, segir honum tíðindin og mælist til sveitarstyrks.

Er þetta nokkur hemja, segir hreppstjórinn ávítandi, að eiga 5 börn á einu ári með einni og sömu konunni. Fyrir má nú gera að gamni sínu


# Sögur af Írum

Sögur af Írum minna sumar nokkuð á íslenskar bakkabræðra-  
eða Hafnfirðingasögur. Langflestar sögurnar hafa Írar sjálfir samið,  
og þær eru breytilegar eftir því hvar á landinu söguhetjurnar búa.

Í Cork, borg á suðurströnd Írlands, búa borgarféflin. Til marks um  
vitsmuni þeirra er sagt að þegar Corkbúi flytjist til Dyflinnar lækki  
greindarvísitalan í báðum borgunum.

Íbúar í Connemara, vestast á vestur-  
ströndinni, eru sagðir þrjótar og lygarar. Þeirra á  
meðal var „Lahy the Liar“, eins konar vellygnibjarni  
þessara frænda okkar. Hann greindi svo frá:

„Við pabbi áttum einu sinni afbragðsmeri, og  
höfðum góðan arð af henni á veðreiðum. Einu  
sinni settum við hana í kappreiðar, en þá var  
skepnan fylfull. Haldið þið ekki að hún hafi bara lagst niður á miðjan  
skeiðvöllinn og kastað? Þá leist okkur pabba ekki á blikuna. En  
hryssan var fljót á fætur, rann skeiðið á enda og var fyrst. Og folaldið  
númer tvö! Þetta var góður dagur hjá okkur pabba.“



Í annari sögu segir frá óknyttapilti í Connemara sem hafði stolið  
hænu frá prestinum. Þegar leið að skriftum fór piltur að ókyrrast en  
fór samt í skriftastólinn og sagði:



„Faðir, ég stal hænu og vil að þú fái hana.“

„Skilaðu henni þeim sem þú stalst henni frá, sonur  
sæll.“

„Ég er búinn að reyna það, en hann neitar að  
taka við henni.“

„Haltu henni þá.“

Þannig fékk strákur bæði hænuna og fyrirgefningu kirkjunnar.

Langflestar sögurnar eru af Kerrybúum, en Kerry er frjósamt landbúnaðarhérað suðvestast á Írlandi. Í sögunum eru Kerrybúar sveitafífl, lausir við alla verkunnáttu. Til dæmis er sagt að það þurfi tvo Kerrybúa til að mála glugga á annarri hæð, annar haldi í stigann en hinn fari upp og máli. En um kjallaraglugga gegnir öðru máli. Þá duga ekki færri en 22 Kerry menn; auk þeirra tveggja sem fyrir eru nefndir þarf tuttugu til að grafa fyrir stiganum.



Brúðhjón frá Kerry vörðu hveitibrauðsdögum á hóteli í höfuðborginni. Þau voru óvön hátækni eins og rafljósum og rennandi vatni. Á brúðkaupsnóttinni setti þorsta að brúðinni og brúðguminn fór fram eftir vatni, sem þá var ekki á herbergjunum. Þetta endurtók sig svo, og í þriðju ferðinni dvaldist piltinum nokkuð.



„Hvers vegna varstu svona lengi, elskan mín?“ spurði brúðurin.  
„Það sat einhver á brunninum.“

Tveir Írar gistu á hóteli, og var annar frá Kerry. Hann skráði sig í gestabókina með tveimur X-um. Hótelstjórinn var víst alvanur ólæsum Kerrybúum, en hann spurði hinn gestinn hvers vegna X-in væru tvö.

„Jú, sjáðu til. Hann er háskólagenginn. Fyrri X-ið stendur fyrir Sean O'Sullivan, en það seinna merkir Master of Arts.“

Bandaríkjamaður, Englendingur og Íri (líklega frá Kerry) voru saman á ferð. Þeir komu seint í náttstað og þar voru fyrir skriflegar leiðbeiningar um hvar gistingu væri að fá. Hjá leiðbeiningunum stóð:

„Ólæsir geta snúið sér til húsvarðarins, sem mun leiðbeina þeim.“  
Kaninn og Englendingurinn skellihlógu en Írinn sá ekkert fyndið við þetta. Þeir tóku svo á sig náðir en um miðja nótt vöknuðu félagarnir við það að Írinn öskraði af hlátri.

„Hvað er svona hlægilegt?“

„Kannski er húsvörðurinn ekki heima!“ svaraði Írinn þegar hann kom upp orði fyrir hlátri.

Vinnuflokkur frá Kerry var að negla viðarklæðingu innan á vegg í húsi. Verkstjórinn, sem líka var frá Kerry, tók eftir því að einn starfsmaðurinn fleygði öðrum hverjum nagla.

„Hvað á þetta að þýða? Hvers vegna fleygirðu nöglunum?“ spurði verkstjórinn.

„Þeir ganga ekki. Hausinn er öfugu megin,“ svaraði smiðurinn.

„Asni geturðu verið! Þeir eiga að fara í vegginn á mót!“

Nýliði í írsku hernum kom byssulaus á heræfingu.

„Heyrðu?“ spurði liðþjálfinn.

„Hvað myndirðu kalla hermann sem kæmi til orrustu riffilslaus?“

„Liðsforingja, herra,“ var svarið.



# Fyrirum þjónandi prestar hafa þjónað í 50 ár á Grund

*Séra Gísli H. Kolbeins ritar um félagið.*

Það haustar að eftir sumarið 1939, sem hefir verið undra veðurmitt á Íslandi. Úti í heimi hefst heimsstyrjöld á byrjunarreit. Í Reykjavík á Íslandi verður einnig til félag á byrjunarreit. Nokkrir aldraðir prestar, sem lokið höfðu þjónustu í embætti víða um land höfðu sest að í höfuborginni. Þeir fundu þörf fyrir samveru og endurnýjun kynna. Nokkrir af þeim komu því saman á fund í Oddfellowhúsinu við Vonarstræti laugardaginn 14. október 1939 til þess að ræða félagsstofnun. Á fundi með þeim var biskupinn, Herra Sigurgeir Sigurðsson. Hann "kvað sér það óblandna ánægju að fyrirverandi prófastur og prestur kæmi á með sér slíku félagi serm hér væri um rætt." Niðurstaða þessa fundar var að stofna félag 11.dag nóvember 1939 í áður nefndu húsi. Það var gert.

Á fyrri fundinum voru sr. Ásmundur Gíslason prestur á Hálsi, sr. Helgi Hjálmarsson prestur á Grenjaðarstað, sr. Matthías Eggertsson, prestur í Grímsey, allir prestar af Norðurlandi. Svo voru sr. Ingvar Nikulásson, prestur á Skeggjastöðum, sr. Jón Finnsson prestur á Djúpavogi af Austurlandi, sr. Einar Thorlacius, prestur í Saurbæ, sr. Vilhjálmur Briem, prestur á Staðastað af Vesturlandi, sr. Jón Árnason, prestur á Bíldudal, sr. Þórður Ólafsson, prestur á Söndum, sr. Sveinn Guðmundsson, prestur í Árnesi af Vestfjörðum, sr. Kristinn Daníelsson, prestur á Útskálum og sr. Bjarni Hjaltested, sem verið hafði aðstoðarprestur við Dómkirkjuna í Reykjavík.

Þeir gerðust allir stofnfélagar á seinni fundinum. Þá bættust í hópinn sr. Sigurður Guðmundsson prestur að Þóroddsstöðum, sr. Magnús Blöndal, prestur í Vallanesi, sr. Árni Þórarinsson, prestur í Miklaholti og sr. Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal. Alls voru það 16, prestar, sem ýttu félaginu úr vör. Þeir völdu í fyrstu stjórn: sr Þórð með 13 atkv., sr Ásmund með 12 atkv. og sr. Einar

með 10 atkv.

Fundir félagsins voru svo haldnir á laugardögum í samræmi við stefnuskrá: “að minnsta kosti einu sinni í mánuði félagsmönnum til ánægju og uppbyggingar.” Það gekk vel ár eftir ár. Stofnendur týndu að vísu tölunni og hurfu á vit eilífðar. Nýir komu í staðinn. Það gerist enn. Fundartíma var breytt í fundarhald á sunnudögum 8. febrúar 1948. Það hefir haldist síðan. Fundarstaðir voru ýmsir. Nefna má Breiðfirðingabúð, Aðalstræti 12 hjá Sigríði Þorgilsdóttur og heima hjá prestunum til skiptis.

Í fyrstu nefndist félagið: “Félag fyrrverandi presta og prófesta”. Því var breytt á fundi í júní ’48. Það var svo staðfest á aðalfundi það ár, að fundirnir skyldu vera á sunnudögum og félagið nefnast: “Félag fyrrverandi sóknarpresta”.

Einhverjum árum fyrr höfðu verið kosnir í stjórn sr. Ásgeir Ásgeirsson prestur í Hvammi í Dölum, sr. Jón Guðnason, prestur á Prestbakka í Hrutafirði og sr. Jón

Skagan, prestur á Bergþórshvoli. Þeir eru allir enn í stjórn þegar 200aðasti fundur er haldinn 13. febrúar 1955 hjá sr. Sigurbirni Á. Gíslasyni í húsakynnum Grundar.

Fundurinn mun hafa verið ákveðinn sem fundur á vegum prests eins og gjarna oft áður. Fundarprestar eru komnir í samkomusal Grundar á fundartíma þann dag. Það eru sr. Ásgeir, sr. Bjarni Jónsson, vígslubiskup Reykjavík, sr. Björn Stefánsson, prestur á Auðkúlu, sr. Erlendur Þórðarson, prestur á Auðkúlu, sr. Erlendur Þórðarson, prestur í Odda, sr. Jóhann Briem, prestur á Melstað, sr. Jón Guðnason og sr. Jón N. Jóhannesson, prestur á Stað í Steingrímsfirði. Auk þess var Sigurbjörn heimilispresturinn og gestgjafi þessa fundar. Kórinn við salinn er nývígður segir í fundargerðinni. Verið getur, að það valdi því að þessir 7 prestar félagsins eru komnir á fund hjá sr. Sigurbirni.

Sr. Jóhann sest við hljóðfærið. Sr. Bjarni gengur í kórinn. Sálmurinn: Guðs orð er ljós er lýsir, hefir verið valinn til söngs. Viðstaddir syngja fyrst 3 vers. Vígslubiskup les guðspjall dagsins



Sr. Ólafur Skúlason biskup, Sr. Árni Sigurðsson, Sr. Hreinn Hjartarson, Sr. Kristinn Hóseasson, Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson, Sr. Magnús Guðjónsson, Sr. Hjörtur Hjartarson og Sr. Ágúst Sigurðsson

og biður bænar. Viðstaddir syngja svo 2 vers, sálminn á enda.

Sr. Sigurbjörn býður fundarmönnum síðan í minni hliðarsal til fundarstarfa og að njóta kaffiveitinga. Þessi tilfallandi fundur verður svo vísir þess sem varð.

Á næsta fundi, sem er nr 201 og haldinn á Grund 13. mars 1955 hefst fundarhald á framtíðarstað. Sr. Ásgeir formaður annast þá helgihaldið og sr. Jóhann situr við hljóðfærið. Þá er haldið í hliðarsal og fundi framhaldið. Á honum stingur sr. Ásgeir upp á því, að fundarmenn borgi 10 krónur hver í sjóð sem safnað yrði í til þarfa fyrir félagsmenn í framtíð og að sjóðurinn yrði falinn sr. Sigurbirni til varðveislu. Uppástunga sr. Ásgeirs virðist verða til af því, að félagarnir fá ekki að greiða fyrir góðgerðirnar. Í fundargerðinni er bókað. "Þess skal getið, að formaður hafði á milli funda rætt við forstjóra elliheimilisins um fundarstað fyrir félagið og hafði hann sagt félaginu velkomið að halda fundi sína á elliheimilinu framvegis, en vildi enga ákvörðun taka um greiðslu fundarmanna fyrir

kaffiveitinguna og var því ofanrituð tillaga borin fram af formanni um sjóðmyndun af greiðslunni fyrir kaffið.”

Reglulegir fundir félagsins hafa svo óslitið verið haldnir í húsakynnum Grundar frá 13. mars '55 allt til þessa.

Næst er þess að geta, að á aðalfundi í október 1955 er samþykkt formlega, að byrja fundi á messugjörð á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og þar skuli vera fastur fundarstaður. Þannig verður fundarhaldið með eins konar lögheimili á Grund í skjóli velvilja húsráðenda. Eins og sést á því, sem fram kemur í frásögunni af þeim sem stofnuðu félagið hafa félagarnir verið af öllum landshornum. Svo hefir gjarna verið og er enn. Mjög eru það mismörg ár, sem félagar hafa notið félagsstarfsins.

Sr. Ásgeir sem átti liðlega áratugs stjórnarsetu að baki, er hann gerði góðu heilli samkomulag við sr. Sigurbjörn um varanlegan fundarstað lifði aðeins rúmt ár eftir að svo vel var búið um hnúta fyrir félagið. Það voru aðeins 3 prestar sem voru stofnendur félagsins, sem nutu stutta stund framtíðar fundarstaðarins á Grund.

Rétt er að minnast þess, að sr. Þorsteinn Jóhannesson, Vatnsfjarðarprestur varð félagi 13.nóv. 1955. Hann var þátttakandi í fundum í rúmlega 40 ár og félagi til aldurtíla.

Nú er búið að breyta nafni félagsins. Það heitir :”Félag fyrrum þjónandi presta.“ frá og með aðalfundi 2003.

Að vonum fagnaði Félag fyrrum þjónandi presta 65 ára afmæli sínu 11.nóv. sl..

Einnig var því fagnað, að það hefir verið velkomið til fundarstaðar á Grund í hálfu öld. Það er einmitt sunnudaginn 13.mars 2005, sem þeim áfanga var náð.

Í tilefni af því var efnt til kvöldverðarsamveru á Kaffi Reykjavík að kvöldi þess dags. Kaffi Reykjavík er virðulegt nokkuð aldrað hús við forna miðju Reykjavíkur, eins og greypt er í málmskjöld í gangstétt nærri inngangi í húsið. Það taldist því viðeigandi virðulegur staður fyrir fagnaðarhátíð tileinkað sérstaklega góðum samskiptum Félagsins og Grundar í hálfu öld. Félagið bauð sem heiðursgestum

Guðrúnu og Júlíusi gestgjöfum fundarstaðar félagsins. Þau auðsýna félaginu með svo mörgu móti, hvað það er velkomið til messugjörðar og fundarhalds í húsakynnum Grundar. Alls komu fyrrverandi prestar, prófastar og biskupar samanlagt 21 talsins í fagnaðinn. Makar og ekkjur 23 talsins komu einnig. Samvera þessa fólks var ljúf og ánægjuleg á Kaffi Reykjavík nær 4 stundir. Margt var rabbað, talsvert sungið, ræðu notið og gamanmála auk þess snæddur ágætasti þíréttaður kvöldverður. Félagar eru þakklátir fyrir hlý og góð orð, sem frú Guðrún flutti Félagi fyrrum þjónandi presta. Það var ánægjulegt, að 46 manns undu saman af góðu tilefni góða stund í góðu samneyti sunnudagskvöldið 13. mars 2005 á Kaffi Reykjavík.

*G.H.K. félagi í FFPP.*

---

## Þegar ég loka augunum er ég kominn til Grikklands

*Viðtal Svölu Sigríðar Thomsen djákna við Evanghelos Moustakas  
28. febrúar 2005.*

Það er heitur októberdagur árið 1977. Sérkennileg birta er yfir Aþenu þetta síðdegi. Allt frá appelsínugulum og bleikum tónum út í gyllta og síðan í sérkennilega bláa litatóna. Við hjónin erum stödd á hæstu hæð borgarinnar Aþenu; Likavitos. Við fórum upp á hæðina í kláfi og vorum allt í einu komin í þessa undursamlegu birtu. Fararstjórinn okkar, Gunnar Eyjólfsson leikari, hafði ráðlagt okkur að fara í þennan leiðangur til þess að horfa á sólina setjast út við sjóndeildarhringinn. Við horfum yfir milljónaborgina sem virðist ekkert sérstaklega stór héðan af hæðinni.

Það er tilkomumikið að horfa niður á Akropolis með sínum fornu byggingum og hringleikahúsið þar sem er verið að leika grískan harmleik. Við sjáum hafnarborgina Pireus og eyjarnar í gríska

eyjahafinu sem virðast fljóta á haffletinum. Allt í einu gerist það sem við vorum að bíða eftir. Sólin virðist setjast á hafflötinn og litadýrðin er ótrúleg. Við stöndum agndofa af hrifningu. Svo hverfur sólin bak við sjóndeildarhringinn og augnablik verður hálfgerð myrkur í kringum okkur. Í einni andrá kvikna ljósin í borginni og hún sýnist miklu stærri en áður. Ógleymanleg augnablik.

Þessi minning kom upp í hugann þegar ég spjallaði við Evanghelos Moustakas eitt síðdegið hér á Grund. Evanghelos er fæddur 24. júlí 1931 í Aþenu. Hann er tungumálamaður; talar grísku, ensku og frönsku og getur bjargað sér á íslensku. Hann er búinn að vera á Grund síðan 26. febrúar 1999. Hann ólst upp í Aþenu hjá foreldrum sínum og bróður sem er fjórum árum yngri en hann. Foreldrarnir eru látnir en bróðirinn býr í Aþenu og er einhleygur.

Evanghelos lærði rafvirkjun í Aþenu og vann við þá iðn í mörg ár. Hann var á þrítugsaldri þegar hann fór á flakk um Evrópu, vann fyrir sér á ýmsum stöðum en stoppaði venjulega stutt við. Ferðalagið endaði í Danmörku þar sem hann bjó og starfaði við rafvirkjun í 2 ár.

Síðan fór Evanghelos til Íslands því hann hafði hitt verðandi eiginkonu í fríi í Grikklandi. Þau giftu sig eftir nokkra mánuði og kusu að setjast hér að. Þau eignuðust einn son sem er flugmaður og starfar erlendis. Hann er ógiftur og barnlaus. Sonurinn lærði flug hér á landi og starfaði hér um tíma en hefur lengst af starfað erlendis. Evanghelos saknar sonar síns mjög og finnst hann langt í burtu. Sonur hans hefur sjaldan tækifæri til að koma til Íslands. Evanghelos fór oft til Grikklands í frí hér áður fyrr en nú eru liðin nokkur ár síðan hann fór þangað í síðasta skipti.

Ég spyr hann um grísku tónlistina sem mér finnst svo falleg.

Evanghelos ljómar allur og segir; *já, og ég dansaði líka grísku dansana við þessa tónlist með vinum mínum og þótti gaman.*

Honum finnst fólkið hér á Íslandi mjög ólíkt því gríska í skapgerð. Hann segir miklu meiri hávaða í Grikkjum en Íslendingum og þeir kunni betur að skemmta sér.

Evanghelos fannst erfitt að byrja að vinna á Íslandi en hann talaði



Evangelos og Svala

ensku og það breytti miklu því Íslendingar eiga auðvelt með hana að hans sögn. Það varð hins vegar til þess að hann lærði íslenskuna ekki eins vel og hann hefði getað ef hann hefði þurft að bjarga sér á henni. Evangelos starfaði hér við rafvirkjun og auk þess

tók hann ljósmyndir af fólki á skemmtistöðum í aukavinnu.

Hann álítur sig ekki hafa upplifað fordóma hér á landi. Landið er orðið fjölbjóðlegra og það auðveldar útlendingum að búa hér.

Hann segir; *svo vinna margir útlendingar á Grund og þar á ég líka vini.*

Evangelos er trúaður og tilheyrir grísk-orthodoxu kirkjunni og fór á heimaslóðum í kirkju á hverjum sunnudegi. Það er ómissandi þáttur í lífi grikkja og ungur þjónaði Evangelos sem kórdrengur í kirkjunni sinni og söng í drengjakórnum í mörg ár. Messur á Grikklandi eru miklu lengri en hér þekkist. Margt er öðruvísi þar og það er miklu meiri hreyfing á kirkjugestum í messunni. Þar eru einnig ýmsir aðrir siðir eins og að leysa kirkjugesti út með gjöfum við skírnarathafnir og brúðkaup.

Evangelos hefur stundað messur hér á Grund og segir þær mjög frábrugðnar grísku messunum. En hann kann vel við að sækja guðþjónustu hér.

Hann segir; *Það er gott fyrir sálina að sækja messur reglulega.*

Evangelos segist ekki sakna Grikklands mjög mikið vegna þess

að; það er svo langt síðan ég bjó þar.

En það kemur dreymið blik í augu hans þegar hann segir; Þegar ég loka augunum þá er ég kominn til Grikklands.

Evanghelos er oft einmana og saknar sonar síns og vinanna frá Apenu en; starfsfólkið á Grund er gott við mig og nú er það vinir mínir.

Það er komið að lokum samtalsins og við skulum leyfa Evanghelosi að eiga síðasta orðið þegar hann segir; ég hefði gjarnan viljað deyja í Apenu ef ég hefði ráðið einhverju þar um en ég veiktist og þurfti aðstoð.

Hann horfir um stund út um gluggann, hljóður og íhugull og segir svo; Ég er bara sáttur við hlutskipti mitt.

Þegar ég geng út úr herbergi Evanghelosar sendir sólin geisla sinn eftir gólfinu. Geisla sömu sólar sem settist forðum daga eitt ógleymanlegt augnablik við sjóndeildarhringinn séðan frá hæðinni Likavitos í grísku borginni Apenu.

---

## Bæn

Þegar raunir þjaka mig  
þróttur andans dvínar  
þegar ég á aðeins þig  
einn með sorgir mínar.  
Gef mér kærleik gef mér trú,  
gef mér skilning hér og nú.  
Ljúfi drottinn lýstu mér,  
svo lífsins veg ég finni.  
Láttu ætíð ljós frá þér  
ljóma í sálu minni.

*Gísli frá uppsölum*

# Efnisyfirlit

GRUND ER SAMFÉLAG .....	2
GLEÐI PÁSKANNA – GLAÐVÆRÐ TRÚARINNAR .....	4
HJARÐIR SAUÐA OG HERSKARAR KVENNA .....	7
HJÁLPSEMI .....	11
SMÆLKI .....	11
IÐRUNARSÁLMUR .....	12
SMÆLKI .....	13
“HEYR HIMNA SMÍÐUR...” .....	14
HEYR HIMNA SMÍÐUR .....	17
MYNDIR FRÁ ÁSI .....	18
SVARBRÉF SKATTSTOFU AUSTURLANDS VIÐ “IÐRUNARSÁLMI” .....	20
LJÓÐ .....	22
BÆN HINS GAMLAÐA .....	23
Í MÓTLÆTI .....	24
SMÆLKI .....	24
SÖGUR AF ÍRUM .....	25
FYRRUM ÞJÓNANDI PRESTAR HAFNA ÞJÓNAD Í 50 ÁR Á GRUND .....	28
ÞEGAR ÉG LOKA AUGUNUM ER ÉG KOMINN TIL GRIKKLANDS .....	32
BÆN .....	35

Ritstjórn: Hjálmar Jónsson

Umsjón og uppsetning: Hrafnhildur Faulk

Prentun: Prenthúsið

Prentuð eintök: 1000